

REGLUGERÐ

um skipun póstmála.

100

16. okt.

1. gr.

Póstmálastjóri hefir á hendi stjórn póstmálanna undir yfirstjórn atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

2. gr.

Póstritari ber ábyrgð gagnvart póstmálastjóra á öllu því, sem heyrir undir hann á aðalskrifstofu póstmálanna, og kemur í hans stað, þegar hann er fjarverandi eða eigi viðlátinn.

Bréf þau, sem póstmálastjóri skrifar ekki undir sjálfur, undirskrifar póstritarinn og bætir við nafn sitt f. h. p. (fyrir hönd póstmálastjóra) eða póstfulltrúinn, og bætir við nafn sitt e. u. (eftir umboði).

3. gr.

Konungur veitir póstmálastjóraembættið, en að fengnum tillögum póstmálastjóra veitir atvinnu og samgöngumálaráðuneytið póstritara, póstmeistara og póstfulltrúaembætti svo og embætti póstafréttislaumanna, sem einnig eru stöðvarstjórar, og önnur póstembætti, sem eru á launalögum.

Póstmálastjóri skipar póstafréttislaumenn, sem ekki eru stöðvarstjórar, en bréfhirðingarmenn, bréfbera og pósta skal hann ráða með samningum.

Þeir póstembættismenn, sem taldir eru á launalögum, mega ekki takast á hendur nein launuð störf fyrir stjórnarvöld eða einstaka menn án leyfis póstmálastjóra eða atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Þegar póstembætti eru laus skal póstmálastjóri sjá um, að þeim verði þjónað með því að setja menn í þau til bráðabirgða, og hann hefir heimild til að víkja póstembættismönnum frá um stundarsakir.

4. gr.

Á aðalskrifstofu póstmálanna skal meðal annars endurskoða reikninga frá forstöðumanni póststofunnar í Reykjavík, póstmeisturum og póstafréttislaumönnum, sem hafa sjálfstæða reikningsfærslu og þangað skal senda póstfé, sem þeir eiga að standa skil á. Þaðan skal afgreiða til sömu frimerki, peninga, eyðublöð og áhöld eftir þörfum, og þar skal saminn reikningur yfir allar pósttekjur og öll póstgjöld ríkisins fyrir hvert almanaksár.

Reikning þennan lætur fjármálaráðherrann endurskoða.

Hinar nánari reglur um störfin á aðalskrifstofu póstmálanna setur póstmálastjóri.

5. gr.

Forstöðumaður fyrir póststofunni í Reykjavík, póstmeistarar og stöðvarstjórar og póstafréttislaumenn, sem eru á launalögum, stjórna öllum störfum á

100 póststofum sínum, bæði gagnvart starfsmönnum og yfirmönnum sínum gagnvart öðrum pósthúsum og almenningi, sem notar póstinn.

Peir skulu jafnframt því að taka þátt í störfunum, sjá um að verkin séu vel unnin og að almenningi sé sýnd lipurð, en jafnframt að allrar sparsemi sé gætt. Verkum skal þannig fyrirkomid að hægt sé að ákveða, hver beri ábyrgð á misfellum þeim, sem kunna að koma fyrir, og það er skylda hvers starfsmanns að styðja að því.

Peir hafa eftirlit með starfsmönnum á póststofum sínum, bréfberum, sem ganga þaðan, og pósthúsum, sem liggja undir þá, og þeir skulu rannsaka frimerkjabirgðir og sjóð hjá hinum framantöldu, svo og á öðrum pósthúsum, þegar póstmálastjóri leggur svo fyrir. Framanefndir póstembættismenn skulu senda aðalskrifstofu póstmalanna eða póstmálastjóra reikning yfir tekjur og gjöld við lok hvers mánaðar með þeim fylgiskjölum, sem hann leggur fyrir.

6. gr.

Stöðvarstjórar, sem líka eru póstaftgreiðslumenn með sjálfstæðri reikningsfærslu, og aðrir slíkir póstaftgreiðslumenn skulu með hverri póstferð senda póststjórninni póstfé það, sem hjá þeim kann að vera og ekki þarf að nota til póstþarfa, og við lok hvers mánaðar skulu þeir semja reikning yfir tekjur og gjöld við póstaftgreiðsluna fyrir mánuðinn og senda póstmálastjóra eða aðalskrifstofu póstmalanna með fyrstu póstferð ásamt kvittunum fyrir gjöldunum og því, sem kann að vera í sjóði fram yfir þá fjárhæð, sem er eða verður ákveðið að megi vera í sjóði hjá hverri póstaftgreiðslu. Við árslok skal póstaftgreiðslumaður senda ársreikning, sem hefir inni að halda samandregið yfirlit yfir tekjur og gjöld póstaftgreiðslunnar samkvæmt mánaðarreikningunum.

Auk þess að sjá um póstaftgreiðsluna þar á staðnum skal hann hafa gætur á að póstaftgreiðslumenn, er eigi hafa sjálfstæða reikningsfærslu, og kunna að verða lagðar undir hann, svo og bréfhirðingarmenn í umdæmi hans, leysi af hendi störf sín eins og fyrirskipað er. Hann skal bera upp fyrir póstmálastjóra uppástungur um, hverja skuli taka í nefndar sýslanir, þegar þær eru lausar, og hann getur gefið þeim ferðaleyfi, þó svo að séð verði um að störfunum sé gegnt svo að allt sé í reglu á meðan.

Póstaftgreiðslumenn skulu senda póstmálastjóra öll bænarskjöl, skýrslur, uppástungur o. s. frv. um póstmal og þeir skulu, svo oft sem þess verður krafizt leggja fram bækur sínar og annað póstaftgreiðslunum tilheyrandi til sýnis póstmálastjóra eða þeim, sem hann setur í sinn stað til að framkvæma slíka skoðun.

Peir skulu sækja um leyfi hjá póstmálastjóra til þess að ferðast út fyrir umdæmi sitt; þegar á liggur geta þeir samt tekizt ferðina á hendur þegar í stað, en senda skulu þeir póstmálastjóra skýrslu um það, og verða þeir, hvernig sem á stendur, sjálfir að sjá um að áreiðanlegir menn annist póststörfin á þeirra ábyrgð, meðan þeir eru fjarverandi.

7. gr.

100

16. okt.

Póstafgreiðslumenn þeir, sem eigi hafa sjálfstæða reikningsfærslu, liggja annaðhvort undir póstmeistara eða póstafgreiðslumann með sjálfstæðri reikningsfærslu, og hafa aðeins viðskipti við póstmálastjóra gegnum póstmeistara þann eða póstafgreiðslumann, sem yfir þá er settur.

Póstafgreiðslumaður, sem eigi hefir sjálfstæða reikningsfærslu, skal með hverri póstferð senda póstmeistara eða póstafgreiðslumanni, sem hann heyrir undir, alla peninga, sem hann hefir í sjóði, með nauðsynlegri skilagrein.

8. gr.

Bréfhirðingamenn eru skyldir til þess við lok hvers mánaðar að gera forstöðumanni, póstmeistara eða póstafgreiðslumanni þeim, sem þeir eru undirgefnir, skil fyrir póstgjöldum þeim, sem þeir hafa tekið við, og senda það sem kann að vera í sjóði. Þeir hafa aðeins viðskipti við póstmálastjóra, fyrir milli-göngu nánasta yfirboðara síns, sem getur veitt þeim ferðaleyfi, gegn því að áreiðanlegir menn annist póststörfin á þeirra ábyrgð meðan þeir eru fjarverandi.

9. gr.

Póstmálastjóri eða sá póstmaður, sem hann felur að annast það, ræður pósta þá, sem með þarf til þess að póstflutningur komist áfram, með samningum, og skal þar í ákveða um fargögn, borgunarskilyrði, hve lengi pósturinn megi vera á leiðinni og fyrir hve langan tíma samningurinn skuli gilda; en burtfarartíma, póstleiðina og viðkomustaði ákveður póstáætlun ár hvert, og skal samningurinn vísa til hennar í því efni.

Í samningnum skal póstinum bannað að taka nokkuð til flutnings utan pósts eða utan tösku; skulu sektir, sem nákvæmlega skal tiltaka, liggja við ef brotið er út af, og skulu þær vera nokkur hluti af kaupum því, sem samið er um fyrir ferðina, og sé aftur brugðið út af því, skal víkja póstinum frá þegar í stað.

Fari póstur ekki af stað á ákveðnum tíma, séu fargögn eigi í því ástandi, sem ákveðið er, hafi hann án gildrar ástæðu farið aðra leið en ákveðið var, eða tafið of lengi á leiðinni, eða ef hann yfir höfuð hefir brugðið út af nokkru því, sem umsamið er, skal hann sæta sekt, sem nákvæmlega er ákveðin í samningnum. Hafi aftur á móti náttúruviðburðir eða annað, sem honum verður ekki sök á gefin, valdið því, að hann hefir orðið að bregða út af skilmálum þeim, sem settir eru í samningnum, verður hann til þess að firra sig vítum, að sanna með vottorði áreiðanlegs manns, að slíkt hafi átt sér stað.

Pósturinn skal hafa meðferðis sendinga-, stundar- og vigtarseðil, og skal ritað á hann á hverjum viðkomustað, hvenær póstur kemur og hvenær hann fer og hvað sent er með honum.

10. gr.

Hinar nánari reglur um afgreiðslu á póstum og póstsendingum svo og um reikningsskil og reikningsfærslu forstöðumanns fyrir póststofunni í Reykjavík, póstmeistara, póstafgreiðslumanna og bréfhirðingarmanna setur póstmálastjóri.

100 Reglugerð þessi öðlast gildi 1. nóvember 1933 og frá sama tíma er felld úr
16. okt. gildi reglugerð um skipun póstmála 24. janúar 1920.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. október 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

101

18. okt.

G J A L D S K R Á
fyrir rafveitu Eyrarbakka.

1. gr.

Rafveita Eyrarbakka selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

- a. Öll raforka er seld eftir mæli, til ljósa á kr. 1.00 fyrir hverja kilóvattstund; til iðnaðar á kr. 0.50 fyrir kilóvattstund.
- b. Straummælar þeir, sem eru eign rafveitunnar, eru leigðir notendum og reiknast leigan fyrir hvern mánuð eftir á kr. 0.80 um mánuðinn.

2. gr.

Gjöldin fyrir raforku, svo og leigan fyrir straummæla greiðist eftir hvern aflestur. Ef gjöldin eru ekki greidd einum mánuði eftir gjalddaga, er rafveitunni heimilt að taka strauminn af notanda, eftir skriflega aðvörum.

3. gr.

Gjöldin fyrir raforku og mælisleigu má taka lög taki.

4. gr.

Með gjaldskrá þessari er úr gildi numin gjaldskrá fyrir rafveitu Eyrarbakkahepps frá 17. febrúar 1923.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 83, 23. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. október 1933.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.